

Nd.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breyting á skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Pegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdráttu afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess sbr. 4. gr. eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd) að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. maí 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá fól ráðherra nefndinni að gera tillögur um breytingar á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt.

Byggingarlaganefndin hefur nú lokið samningu frumvarps til byggingarlaga. Í samræmi við ákvæði þess og samkvæmt heimild í skipunarbréfi taldi nefndin óumflýjanlegt að gera þá breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, að gildissvið skipulagslaga yrði rýmkað og nái til alls landsins, þannig að allar byggingar og önnur mannvirki hvar sem er á landinu skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn.

Skv. gildandi skipulagslögum nr. 19/1964, 4. gr. 1. mgr. nær skipulagsskylda til þéttbýlisstaða, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri. Meðal þeirra mannvirkja, sem þannig mundu lúta ákvæðum skipulagslaga, eru mannvirki, sem undanþegin verða ákvæðum byggingarlaga skv. 1. gr. frv. til byggingarlaga, s. s. götur og vegir, dreifikerfi ýmiskonar, hafnarmannvirki og virkjanir.

Skv. 1. gr. frv. er þó sú undantekning gerð, að byggingar á lögbýlum í sveitum verða ekki háðar hinum almennu ákvæðum skipulagslaga um, að þær verði byggðar í samræmi við áðurgerða og samþykka heildarskipulagsuppdraetti. Hinsvegar er áskilið í 3. mgr. 1. gr., að umsókn um leyfi til byggingar á lögbýlum skuli fylgja auk byggingaruppdráttar afstöðuuppdráttar, þar sem sýndar eru bæði byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Ennfremur skal sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg, svo og vatnslagnir og holræsalagnir.

Skv. 2. mgr. 1. gr. er skylt að gera skipulagsuppdraetti af þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má, að þéttbýli risi.

Sé slíkur uppdráttur ekki fyrir hendi, getur byggingarnefnd (sveitarstjórn) þó með samþykki skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir með skilyrðum skv. 2. gr.

Á hinum Norðurlöndunum eru lög um byggingarmálefni og skipulagsmál (byggingarskipulag) yfirleitt í einum og sama lagabálki. Nefndin taldi ástæðulaust, að sá háttur yrði upptekinn hér, enda eru skipulagslögin tiltölulega ung að árum og nefndinni var ekki beinlínis falið í skipunarbréfi sínu að hafa þann hátt á.

Ákvæðið um undanþágu bygginga á lögbýlum frá skipulagsskyldu, þ. e. að fyrir hendi þurfi að vera samþykktur skipulagsuppdráttur af byggingum á lögbýlum, er í samræmi við þá skipan, sem á er höfð víða erlendis t. d. í Noregi og Svíþjóð.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. um héraða- og landshlutaskipulag er óbreytt, frá því sem nú er í skipulagslögum.